

Aðalfundur skógfræðingafélags Íslands 2016 haldinn á Patreksfirði

Þriðjudagskvöldið 15. mars kl. 20.00

Bergsveinn, formaður setti fund og lagði til að Hreinn Óskarsson yrði fundarstjóri, Raket ritaði fundargerð.

1. Fráfarandi formaður félagsins gaf skýrslu um störf stjórnar á árinu. Félagið stóð að námskeiði um skógarvegi í samstarfi við LBHÍ í september. Stjórnin tók þátt í að halda skógardag Norðurlands í annað sinn. Dagurinn var haldin að Vöglum í Fnjóskadal og var mæting góð. Þegar staða skógræktarstjóra var auglýst sendi stjórn félagsins bréf til umhverfisráðherra, Sigrúnu Magnúsdóttur, þar sem hún var hvött til að ráða skógfræðing í stöðu skógræktarstjóra en skilyrði um slíkt var ekki að finna í auglýsingu um embættið. Félagið hélt ekki formlegan fund á árinu en þeim mun fleiri óformlega fundi í kaffistofu Gömlu Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri.

Bergsveinn tók saman tölulega staðreyndir um félagið og þar kom fram að í félaginu eru nú 50 meðlimir. Þar af 18 konur og 32 karlar. Meðalaldur félagsmanna er 52 ár. Að lokum var nýjum heiðursfélaga, Jóni Loftssyni, fagnað með lófataki fundarmanna.

2. Nefndir félagsins gáfu skýrslu um störf á liðnu ári.

A. Námsmatsnefnd. Einar Gunnarsson flutti skýrslu. Einn félagi var tekinn inn á árinu sem var Bergþóra Jónsdóttir. Óskir höfðu borist til Einars um að reglum um skil á fylgiskjölum vegna umsóknar yrði breytt. Komið hefur fram að fólki finnst einkunnir fyrir nám sitt þeirra einkamál og námsmatsnefnd geti byggt niðurstöðu sína á yfirliti yfir þá kúrsa sem hvern nemandi hafi lokið án þess að einkunnir þurfi að fylgja umsókn. Sjá nánar í laga og reglugerðarbreytingar liður 5.

B. Endurmenntunarnefnd. Fráfarandi stjórn tók að sér endurmenntunarmál á stjórnartímabilinu. Raket flutti skýrslu endurmenntunar.

Nefndin stóð fyrir námskeiði um vegagerð í skógi í lok september í samstarfi við Landbúnaðarháskólann. Fluttur var inn norskur sérfræðingur í hönnun og lagningu skógarvega, Jan Bjerketvet sem starfar við háskólann að Ási í Noregi. Koma hans var fjármögnuð með styrk frá NOVA sem er samstarf háskóla á Norðurlöndum. Námskeiðið var haldið á Hvanneyri og Skorradalurinn notaður sem útikennslustofa. Nemendur gátu þannig nýtt sér námskeiðið líka og fengið fyrir það 2 ects. Alls tóku 25 manns þátt, þar af 12 nemendur af skógfræði- og umhverfisskipulagsbraut.

Endurmenntunarnefnd telur að sú leið sem farin var við koma kennara til landsins sé tilvalin leið til að stuðla að áframhaldandi endurmenntun með tiltölulega litlum kostnaði. Sérstaklega þegar kennsluefnið er almenns eðlis, þar sem stór hópur getur tekið þátt. Það sé líka mjög jákvætt að nemendur Landbúnaðarháskólans geti nýtt sér námskeiðin líka en þá þurfi að huga að skipulagningu með miklum fyrirvara svo hægt sé koma námskeiði í kennsluskrá skólans í tíma. Bent var á að auðvelt er að koma stórum hópi að í gistingu á vegum skólans með lágmarkskostnaði þegar námskeið eru haldin þar. Nefndin þakkaði Bjarna Diðrik Sigurðssyni, Björgvini Eggertssyni, Valdimar Reynissyni, Benjamín Erni Davíðssyni og Birgi Hauksyni fyrir samstarfið í tengslum við námskeiðið.

Nefndin sótti um styrki til framkvæmdar námskeiðsins. í Letterstedskasjóðinn, Sjóð norsku þjóðargjafarinnar og Nordgen. Styrkur fékkst bæði frá Nordgen upp á tæpar 190.000 og svo frá Sjóði norsku þjóðargjafarinnar 90.000. Afgangur varð af Nordgen styrk þegar búið var að gera upp námskeiðið, því voru ekki forsendur til að þiggja styrk frá Sjóði norsku þjóðargjafarinnar og hann því afþakkaður. Forsvarsmönnum sjóðsins var þakkaður stuðningurinn og félagsmenn hvattir til að sækja sér styrki til endurmenntunar í þessa sjóði.

C. Orðanefnd. Í orðanefnd eru Aðalsteinn Sigurðsson, Bjarni Diðrik Sigurðsson og Úlfur Óskarsson. Fram kom í máli Bjarna að orðanefnd hafi ekki starfað á árinu.

3. Reikningar stjórnar, nefnda og sjóða með fjárumsvif lagðir fram til samþykktar.

Brynjar gerði grein fyrir reikningum félagsins. Rekstur félagsins gekk vel og var afgangur af rekstri. Minningarsjóður Gunnars Freysteinsonar er nú komin á forræði félagsins. Og hvatti Brynjar til þess að þeir peningar verði nýttir í þágu minningarlundsins um Gunnar. Reikningar félagsins voru samþykktir af fundarmönnum og skoðunarmanni reiknings, Bjarna Diðrik. Böðvar var ekki mættur á fund.

4. Árgjald ákveðið til eins árs. Hefur verið 3400 kr. Sjón leggur til að félagsgjald verði óbreytt. Samþykkt samhljóða.

5. Laga og reglugerðarbreytingar.

Einar formaður námsmatsnefndar gerði tillögu að breytingu á reglum um fylgiskjöl með umsóknum:

Reglur fyrir breytingu:

"Nefndin mun dæma um hvort lágmarks kröfum sé fullnægt í hverju tilviki fyrir sig með skoðun á fylgiskjöllum umsóknar, þ.e.a.s. prófskírteinum og einkunnarblöðum. Ef umsækjandi fullnægir ekki lágmarkskröfum um háskólanám mun nefndin rökstyðja þá ákvörðun sína skriflega í greinagerð til stjórnar"

Reglur eftir breytingu (viðbót er undirstrikuð):

Nefndin mun dæma um hvort lágmarkskröfum sé fullnægt í hverju tilviki fyrir sig með skoðun á fylgiskjöllum umsóknar, þ.e.a.s. prófskírteinum og einkunnarblöðum eða námsferilsyfirliti frá viðkomandi háskóla þar sem fram kemur hvaða kúrsum og einingum umsækjandi hefur lokið. Ef umsækjandi fullnægir ekki lágmarkskröfum um háskólanám mun nefndin rökstyðja þá ákvörðun sína skriflega í greinagerð til stjórn.

Breyttar reglur voru samþykktar samhljóða.

6. Stjórnarkjör, núverandi stjórn lætur af störfum.

Stungið var upp á Lárusi Heiðarssyni sem formanni og fór fram kosning með handauppréttingum. Sú tillaga var samþykkt. Á sama hátt voru Else Möller og Agnes Birgisdóttir samþykktar sem meðstjórnendur. Þær skipta svo með sér stjórnarstörfum. Stungið var upp á Jóni Loftssyni í varastjórn og var það samþykkt samhljóða.

7. Kjörið í námsmatsnefnd og til annarra trúnaðarstarfa:

Námsmatsnefnd. Samkvæmt reglum átti Hreinn á að ganga úr nefndinni. Hann gaf kost á lengri nefndarsetu og var það samþykkt..

Endurmenntunarnefnd. Tillaga kom frá fráfarandi stjórn um að stjórnarmenn verði líka í endurmenntunarnefnd og var það samþykkt.

Orðanefnd. Tillaga kom fram um að einn aðili skyldi sinna hlutverki orðanefndar. Stungið var upp á Aðalsteini í það starf og sú tillaga samþykkt samhljóða.

8. Kosnir voru tveir skoðunarmenn reikninga. Bjarni og Böðvar gegna hlutverkinu áfram.

9. Áætlun um störf næsta árs.

Lárus Heiðarson sagði í stuttu máli frá framtíðaráformum. Else Möller tók einnig til máls og vakti athygli á mikilvægu hlutverki félagsins hvað varðar endurmenntun. Hún taldi að sú leið sem farin var við framkvæmd síðasta námskeiðs í samstarfi við LBHÍ væri góð leið til að stuðla frekari endurmenntun og nefndi að eftirspurn væri eftir námskeiði um viðarfræði, viðarvinnslu, sögun og þurrkun og val á flettiefni í skógi.

10. Önnur mál.

Arnín átti frumkvæði að umræðu um hvort hægt væri að löggilda starfsheitið skógfræðingur. Og varpaði fram þeirri spurningu hvort hægt væri að gera það samhliða setningu nýrra skógræktalaga. Þröstur hefur orðið var við tregðu ríkisins í þeim málum og taldi að það yrði þrautinni þyngri. Þeim tilmælum var beint til nýrrar stjórnar að gera athugasemdir við nýtt frumvarp um lög nýrra skógræktarlaga og koma með því starfsheitinu skógfræðingur sem víðast inn í frumvarpið til þess að tryggja að tillit sé tekið til menntunar skógfræðinga.

Bjarni Diðrik vakti athygli á því að verið er að útskrifa 5 nýja skógfræðinga á þessu misseri. Lagði að nýrri stjórn að kynna þeim félagið.

Brynjar ræddi Gunnarslund. Lagði til að ný stjórn inni að því að halda aftur vinnudag í lundinum. Nú á félagið pening til að gróðursetja fleiri plöntur þar. Stakk upp á að þar yrði skjöldur til minningar um fleiri féлага sem fallnir eru frá. Stjórninni var falið að taka málið upp. Tillaga kom fram um að halda vinnudaginn um miðjan september.

Björn Jónsson lofaði nýtt merki félagsins og hvatti til þess að merkið væri notað meira. Lagði til að borðfánar með því væru búnir til fyrir alla féлага.

Arnín auglýsti eftir ensku heiti á félagið.

Beggi þakkaði Hreini góða fundarstjórn og sleit fundi.